

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning

Sveitarfélaginu Hornafirði ber skylda til að safna, geyma og vinna með persónuupplýsingar þeirra sem sækja um sérstakan húsnæðisstuðning hjá sveitarfélaginu. Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Hvaða persónuupplýsingar skráir sveitarfélagið og vinnur með?

Sveitarfélagið safnar nauðsynlegum upplýsingum svo hægt sé að leggja mat á og afgreiða umsókn umsækjanda um sérstakan húsnæðisstuðning. Þær persónuupplýsingar sem um ræðir eru upplýsingar um nafn, kennitölu, lögheimili, netfang, símanúmer, hjúskaparstöðu, húsnæði, húsaleigusamning, banka, tekjur og eignir. Jafnframt er safnað upplýsingum um maka, börn og aðra sem búa á heimili umsækjanda þegar við á.

Á hvaða lagagrundvelli vinnur sveitarfélagið persónuupplýsingar?

Sveitarfélaginu Hornafirði ber samkvæmt 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga að veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur. Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning eru því afgreiddar á grundvelli viðmiða sem sett eru fram í reglum um sérstakan húsnæðisstuðning í sveitarfélaginu Hornafirði.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir því á 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Í þeim tilfellum er um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar styðst vinnslan einnig við heimild í 2. tl. 1. mgr. 11. gr. sömu laga.

Hvað geymir Sveitarfélagið Hornafjörður upplýsingar lengi?

Sveitarfélagið Hornafjörður er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Sveitarfélaginu er samkvæmt þeim óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna nema það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar. Upplýsingar eru afhentar Héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu til ótímabundinnar varðveislu á 5 ára fresti.

Er upplýsingum þínum deilt með þriðja aðila?

Sveitarfélagið Hornafjörður notar upplýsingatæknikerfi sem auðvelda utanumhald og skráningu á upplýsingum. Þjónustuaðilar kerfanna kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við þjónustu þeirra við kerfið. Trúnaðarsamkomulag er gert við viðkomandi sem kveður á um skyldu hans til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli sveitarfélagsins.

Upplýsingum þínum er að öðru leyti ekki deilt með þriðja aðila nema skylda standi til þess samkvæmt lögum. Sveitarfélaginu ber samkvæmt fyrrnefndum lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að afhenda Héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu upplýsingar á 5 ára fresti.

Hvert á ég að leita fyrir frekari upplýsingar?

Viljir þú fá frekari upplýsingar um hvernig Sveitarfélagið Hornafjörður meðhöndlar þínar persónuupplýsingar hefur þú samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Í persónuverndarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu sveitarfélagsins má finna samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa. Þar má jafnframt finna frekari upplýsingar, svo sem upplýsingar um rétt þinn til að leggja inn kvörtun hjá Persónuvernd og önnur réttindi sem þú átt samkvæmt persónuverndarlögum.

Upplýsingar um ábyrgðaraðila

Sveitarfélagið Hornafjörður er í hlutverki ábyrgðaraðila þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga vegna umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 6. tl. 3. gr. persónuverndarlaga.

Samskiptaupplýsingar ábyrgðaraðila:

- Sveitarfélagið Hornafjörður, kt. 590169-4639
- Hafnarbraut 27, 780 Höfn í Hornafirði
- Símanúmer: 470-8000
- Netfang: personuvernd@hornafjordur.is